

KJARANEFND

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1798
komudagur 25. 4. 2006

Reykjavík, 24. apríl 2006

Meðfylgjandi er umsögn kjaranefndar um frumvarp til laga um kjararáð. Umsögnin hefur jafnframt verið send í tölvupósti.

Virðingarfyllst,
f.h. kjaranefndar


Guðrún Zoëga

UMSÖGN KJARANEFNDAR UM FRUMVARP TIL LAGA UM KJARARÁÐ

710. mál

Almennt

Það er skoðun kjaranefndar að núgildandi fyrirkomulag við ákvörðun launa kjörinna fulltrúa og embættismanna hafi gefist vel og að ekki sé rétt að breyta meiru en þörf er á. Þeir hnökrar sem verið hafa eru einkum vegna þess að þessar launaákvörðanir hafa heyrt undir tvo óháða en þó tengda aðila. Kjaranefnd fundar reglulega, að jafnaði vikulega yfir veturinn, sjaldnar á sumrin. Nauðsynlegt hefur reynst að setja á fót sérstaka skrifstofu fyrir kjaranefnd, bæði vegna umfangs starfsins og til að undirstrika að nefndin er sjálfstæð og óháð, en hún hefur lagt áherslu á að hún er jafn óháð launagreiðanda og þeim sem heyrt hafa undir nefndina varðandi launaákvörðanir. Áður hafði nefndin aðsetur á launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Formaður hefur verið í fullu starfi en auk þess vinna lögfræðingur og ritari í hlutastarfi fyrir nefndina.

Kjaranefnd hefur fjallað um frumvarpið og telur það að ýmsu leyti til bóta. Heppilegt er að ein nefnd ákveði laun þessara aðila í stað tveggja áður og þar með verður komið í veg fyrir það óhagræði sem tvískiptingunni fylgir. Að mati nefndarinnar gengur frumvarpið þó ekki nógu langt í þeim efnunum, sjá nánar athugasemdir við 2. grein frumvarpsins. Ákvæði um launaviðmið stangast ekki lengur á og með þessum breytingum hafa helstu gallar á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd verið lagfærðir. Nefndin hefur þó fáeinar athugasemdir við frumvarpið og verður fjallað nánar um þær hér á eftir.

2. grein

Skipan kjararáðs. Í frumvarpinu er lagt til að kjararáð verði skipað fimm mönnum og að það starfi í tveimur deildum, annars vegar fullskipað og hins vegar þriggja manna undirnefnd. Ekki verður séð að þörf sé á slíkri skiptingu og kjaranefnd telur eðlilegt að sömu aðilarnir sinni öllum þeim verkefnum sem ráðinu verða falin, þar með eru allir ráðsmenn upplýstir um það sem fram fer og allir eru jafnábyrgir fyrir störfum ráðsins og þeim ákvörðunum sem það tekur.

Nefndin telur hæfilegt að kjararáð verði skipað þremur mönnum, reynslan af kjaranefnd er að það sé heppilegur fjöldi. Það er nægilegt til þess að mismunandi sjónarmið komi fram, auðvelt er að kalla nefnd af þeirri stærð saman þannig að hún geti brugðist fljótt við þegar þörf krefur og allir nefndarmenn eru virkir.

Þá telur nefndin rétt að formaður sé skipaður sérstaklega.

Lagt er til að kjararáð verði skipað þremur mönnum og að fjármálaráðherra skipi formann, Alþingi kjósi einn og Hæstiréttur skipi einn.

Verði það hins vegar niðurstaða þingsins að kjararáð skuli skipað fimm mönnum telur kjaranefnd að jafna eigi vægi skipunaraðila þannig að Alþingi kjósi tvo menn, Hæstiréttur skipi tvo og fjármálaráðherra skipi formann.

4. grein

4. grein frumvarpsins verður ekki skilin öðru vísi en svo að kjararáð, ýmist fullskipað eða skipað þremur mönnum, skuli ákveða laun og starfskjör **allra** embættismanna annarra en lögreglumanna, tollvarða og fangavarða. Þá segir að ráðið skuli „ákveða laun og starfskjör þeirra ríkisstarfsmanna annarra sem svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu ...“. Samkvæmt orðanna hljóðan kunna þeir sem heyra undir kjararáð að verða fleiri en þeir sem nú heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd, þar sem ekki virðist vera svigrúm til að fækka embættismönnum sem heyra undir ráðið.

Ljóst er af greinargerð og umræðum að vilji er til þess að fækka frekar en fjölga þeim sem heyra undir hinn lögbundna úrskurðaraðila. Það þarf að koma skýrar fram í lagatextanum sjálfum. Ef ekki verður fallist á þá tillögu kjaranefndar að nógildandi fyrirkomulag hvað þetta varðar verði óbreytt, þ.e. að ákveðið sé með lögum, eða með úrskurði fjármálaráðherra hverjir heyri undir kjararáð leggur nefndin til að 4. grein verði þannig.

Kjararáð ákveður laun og starfskjör annarra embættismanna sem svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr., enda heyri það undir ráðið samkvæmt úrskurði þess. Þetta á þó ekki við um lögreglumenn, tollverði og fangaverði en um þá gilda sérstök ákvæði sbr. lög nr. 70/1996. Þá skal kjararáð ákveða laun og starfskjör annarra ríkisstarfsmanna sem eins er háttað um, enda hafi það áður úrskurðað að það heyri undir ráðið.

Með þessari breytingu er skýrt að ekki er sjálfgefið að allir embættismenn heyri undir kjararáð og að ráðið taki ekki ákvarðanir um laun og starfskjör nema áður hafi verið úrskurðað að það heyri undir það.

5. grein

Kjaranefnd dregur í efa réttmæti þess að ráðið skeri sjálf úr um hverjum það ákveður laun. Vald kjararáðs verður þar með óeðlilega mikið. Þá verður að hafa í huga að verið er að skerða rétt manna til að semja um kjör sín.

Að mati kjaranefndar hefur núverandi fyrirkomulag gefist vel, þ.e. að það sé ákveðið með lögum eða úrskurði fjármálaráðherra hverjum hinn sérstaki úrskurðaraðili ákveður laun, og er lagt til að það verði óbreytt.

Verði það hins vegar niðurstaða þingsins að kjararáð skuli skera úr um hverjum það ákveður laun þá þarf að koma skýrar fram í sjálfum lagatextanum, og ekki eingöngu í greinargerð, hvað ráðið skuli hafa til viðmiðunar þegar það úrskurðar hverjir heyri undir það, svo og hvernig slík mál ber að, hvort kjararáð á að hafa frumkvæði í öllum tilvikum eða hvort aðilar geti óskað eftir því við ráðið að falla undir eða undan ákvörðunarvaldi ráðsins. Í greinargerð kemur fram að ráðið skuli hafa eftirfarandi til viðmiðunar við mat á því hverjir heyri undir ráðið og er rétt að það komi fram í lagatextanum. Kjararáð skal ganga út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna ráðist með kjarasamningum þar sem því verður við komið. Þá skal meðal annars litið til þess hverjir gegna störfum sem ekki mega falla niður í verkföllum og hverjir gegna störfum sem fela í sér fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramáli.

6. grein

Kjaranefnd leggur til að upphaf 2. málsgreinar 6. greinar hljóði þannig: „Þeim sem undir úrskurðarvald kjararáðs falla eða talsmönnum þeirra ...“

Þá leggur nefndin til að setningin „Ráðið getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir ráðinu.“ falli út.

Þetta er í samræmi við 13. grein stjórnssýslulaga þar sem kveðið er á um rétt aðila máls til að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun. Síðari setningin er óþörf þar sem efni hennar kemur fram í setningunni á undan.

8. grein

Í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd segir að gæta skuli innbyrðis samræmis og samræmis við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Auk þess skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði, en kjaranefnd er skylt að gæta samræmis við laun sem ákveðin eru á grundvelli Kjaradóms og kjarasamninga fjármálaráðherra. Enda þótt viðmið um launakjör virðist vera eins í frumvarpinu og í gildandi lögum eru efri mörkin varðandi þá sem nú heyra undir kjaranefnd ekki jafn skýr í frumvarpinu og í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Þá var í greinargerð og í framsöguræðu fjármálaráðherra lögð áhersla á að kjaranefnd héldi ákvörðunum sínum innan þess ramma sem markaður væri af niðurstöðum Kjaradóms annars vegar og kjarasamningum fjármálaráðherra hins vegar. Þar með stönguðust lögboðin viðmið á, þar sem laun sambærilegra aðila í þjóðfélaginu eru oft hærri en þau laun sem rúmast innan rammans. Hins vegar voru efri mörkin skýr.

Samkvæmt frumvarpinu eru viðmiðin ekki lengur ósamrýmanleg og er það til bóta.

Öflun upplýsinga um laun einstakra aðila í þjóðfélaginu kann að reynast erfið en þó er ljóst að almennt eru laun forstjóra og framkvæmdastjóra á hinum almenna vinnumarkaði hærri en laun sambærilegra aðila hjá ríkinu. Laun ýmissa forstöðumanna og forstjóra hjá ríkinu munu því þurfa að hækka frá því sem nú er til þess að þau verði í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Það mun síðan hafa áhrif til hækkunar launa annarra sem undir kjararáð heyra til þess að skilyrði um innbyrðis samræmi verði fullnægt. Í ljósi þess hvert var tilefni þess að ákveðið var að endurskoða lögum um Kjaradóm og kjaranefnd þykir kjaranefnd rétt að vekja athygli á líklegum áhrifum þessarar breytingar.

10. grein

Lagt er til að orðin “í samráði við Hagstofu Íslands” í niðurlagi 2. málsgreinar falli niður.


Ákvæði til bráðabirgða.

Verði lögum samþykkt á þessu þingi þarf að gæta þess að Alþingi gefist tóm til að kjósa í ráðið áður en þingi verður frestað. Að öðrum kosti er ekki unnt að skipa ráðið fyrr en þing kemur saman aftur og verður þá ekki unnt að afgreiða ýmis mál sem eru í vinnslu hjá kjaranefnd.

Kjaranefnd óskar eftir að fá að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Reykjavík, 24. apríl 2006

f.h. kjaranefndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðrún Zoëga', written over a horizontal line.

Guðrún Zoëga,
formaður